



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur

Reykjavík, 26. júní 2023
MÍ202305-0036/ 6.08

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.
henny@minjastofnun.is

Efni: Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð - tillaga að nýju deiliskipulagi og tillaga að breytingu á aðalskipulagi

Með tölvubréfi dagsett 27. apríl 2023 óskaði skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð og tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 vegna sama svæðis. Vísað var á heimasíðu Kópavogsbæjar þar sem gögn málsins voru sótt. Skipulagsuppdráttir voru unnir af Arkþing Nordic dagsettir 20.02.2023. Athugasemdafrestur rann út 8. júní sl. en ekki var unnt að klára umsögn þessa fyrr en staðfest húsakönnun lægi fyrir, en endanleg skýrsla barst stofnuninni þann 18. júní sl.

Skipulagssvæðið er um 29 ha að stærð og liggur að mörkum fyrirhugaðs Arnarnesvegar, Kórahverfis og Hvörfun í Vatnsenda. Reisa á nýtt íbúðahverfi með tilheyrandi þjónustu og útivistarsvæðum.

Í greinargerð deiliskipulagsins segir m.a. að svæðið sé að mestu aflíðandi og nær óbyggt, utan fjarskiptamastra og tilheyrandi mannvirkja. Hluti eldri mannvirkja á svæðinu s.s. gamla útvarpshúsið, hafa vikið á undanförunum misserum. Eftir stendur ein bygging sem hýsir starfsemi Mílu og gert er ráð fyrir að hún víki samhliða uppbyggingu á svæðinu. Gert er ráð fyrir útsýnisstað frá háholtinu þar sem útvarpshúsið stóð áður með upplýsingaskiltum um fjarskiptasögu svæðisins sem fléttast inn í nýja byggð og útivistarsvæði. Einnig segir í greinargerðinni að á skipulagssvæðinu sé að finna minjar merktar MV-9 í aðalskipulagi (42 í fornleifaskráningu), rústir undir Vatnsendahvarfi. Líkur eru á að rústirnar séu beitarhús frá Vatnsenda og eru þær staðsettar við Álfkonuhvarf. Gert er ráð fyrir að þessar minjar verði varðveittar og merktar og tengi þannig saman sögu svæðisins og nýja íbúðabyggð. Um svæðið liggur einnig gömul þjóðleið ásamt herminjum, en ekki er gert ráð fyrir að þær verði varðveittar. Í greinargerð vegna breytingar á aðalskipulagi segir m.a. að tilgangur breytingarinnar sé að samræma stefnu í aðalskipulagi við það deiliskipulag sem unnið sé að og er hér til umsagnar.

Minjastofnun hefur áður veitt umsagnir um skipulagssvæðið dagsettar, 8. júní 2021, 29. apríl 2022 og 26. október 2022. Í umsögn stofnunarinnar frá október sl. var farið fram á að útlínur skráðra fornleifa innan deiliskipulagssvæðisins skyldu færðar inna á deiliskipulagsuppdráttinn

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna. Samkvæmt meðfylgjandi deiliskipulagsupphætti hefur þetta ekki verið gert.

Í 16. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar segir m.a. að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.

Fyrir liggur *Húsakönnun Vatnsendahvarf*, unnin af Arkþing Nordic, útgefin í júní 2023 og uppfyllir hún staðla Minjastofnunar um húsaskráningu sbr. 16. gr. laga nr. 80/2012. Samkvæmt þeirri skýrslu eru fimm mannvirki skráð á skipulagssvæðinu, fjarskiptastöð, tækjaskýli og þrjú fjarskiptamastur. Fjarskiptastöðin er eina mannvirkið sem fellur undir verndarákvæði laga nr. 80/2012, en hún var reist var árið 1934 og er því umsagnarskyld sbr. 30. gr. laganna.

Fyrir liggur *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vatnsenda, Kópavogi*, unnin af Bjarna F. Einarssyni árið 2022 og uppfyllir hún staðla Minjastofnunar um fornleifaskráningu sbr. 16. gr. laga nr. 80/2012. Samkvæmt þeirri skýrslu eru skráðar 13 fornleifar á svæðinu en óljóst er um aldur 10 þeirra. Af þeim 10 eru 4 fornleifar skráðar undir númerum 95 og 96 og ef þær tengjast möstrum á svæðinu hafa þær ekki náð 100 ára aldri. Dældirnar (94, 97, 98, 99, 100 og 101) eru líklega frá árunum 1920-1950. Rétt er að benda á að landupplýsingagögnum sem tilheyra umræddri fornleifaskráningu hefur ekki verið skilað til Minjastofnunar sbr. 15. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Minjastofnun fer fram á að útlínur allra 13 skráðra fornleifa sem hafa verið mældar upp sbr. ofangreinda fornleifaskráningu skulu færðar inn á deiliskipulagsupphættinn þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna ásamt 15 metra friðhelgunarsvæði þeirra sbr. 4. gr. reglna nr. 620/2019 um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda. Uppfærður deiliskipulagsupphættur skal sendur stofnuninni til umsagnar.

Minjastofnun telur mikilvægt að kanna nánar fornleifar á svæðinu m.t.t. aldurs, umfangs og eðlis. Stofnunin fer því fram á að eftirfarandi mótvægisáðgerðir:


- *Rúst (42) og (MV-9): Fram kemur í skipulagsgögnum að vernda á þessa fornleif og kynna fyrir almenningi. Farið er fram á að rústin verði girt af á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.*
- *Þjóðleið (92): Leiðin liggur að hluta til mjög nærri rústinni (42) og innan friðhelgunarsvæði hennar og má því gera ráð fyrir að þeim hluta leiðarinnar verði ekki raskað vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Ef öðrum hlutum leiðarinnar verður raskað er það mat Minjastofnunar að skráning leiðarinnar sé fullnægjandi mótvægisáðgerð.*

- Rúst (93): Uppmælingar af rústinni hafa ekki verið færðar inn á deiliskipulagsuppdráttinn og því ekki ljóst hvernig hún mun verða fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Minjastofnun telur að grafa verði könnunarskurð (þversnið) í rústina til að fá betri mynd af gerð hennar og til að kanna hvort undir henni leynist leifar eldri mannvirkja.
- Garðar (95 og 96): Hér er um að ræða fjögur garðlög. Uppmælingar af þeim hafa ekki verið færðar inn á deiliskipulagsuppdráttinn og því ekki ljóst hvernig þeir verða fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Minjastofnun telur að grafa verði könnunarskurð (þversnið) í eitt garðlagið til að fá betri mynd af gerð og mögulega geta greint aldur þeirra.
- Dældir (94, 97, 98, 99, 100 og 101): Uppmælingar af dældunum hafa ekki verið færðar inn á deiliskipulagsuppdráttinn og því ekki ljóst hvernig þær verða fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Minjastofnun telur að taka verði borkjarna í eina dældina (97) til að fá betri mynd af eðli hennar og mögulega geta greint aldur þeirra.

Minjastofnun gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð og tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 vegna sama svæðis.

Bent skal á að í 21. gr. laga nr. 80/2012 stendur m.a.: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Að lokum er minnt á að skila þarf landupplýsingagögnum vegna fornleifaskráningar á netfangið skraning@minjastofnun.is

Virðingarfullt,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:
Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

